

Flokkunarhandbók Terra

Hvernig má hámarka árángur af flokkun
hjá fyrirtækjum og stofnunum



Efnisyfirlit

- Samvinna er lykilatriði
- Auðlindir sem við sækjum, flokkum og endurvinnum
- Flokkunarleiðbeiningar: flokkar Terra
- Hvað svo?
- Algengar spurningar og svör
- Flokkunarílát
- Merkingar fyrir flokkun
- Tryggjum góðan frágang
- Ráðgjöf og fræðsla
- Mínar síður

Samvinna er lykilatriði

Þegar kemur að flokkun í fyrirtækjum og stofnunum er mikilvægt að allir starfsmenn þekki leikreglurnar svo að hámarksárangur náist í flokkun.

Hér verður farið yfir flokkunarleiðbeiningar fyrir hvern og einn flokk!

Athugið að flokkunarhandbókin gerir ráð fyrir að allir flokkar séu flokkaðir sérstaklega, sársöfnun á hverju efni. **Allar aðrar útfærslur þarf að útfæra með viðskiptastjóra!**

Flokkun á hverjum stað fer eftir ílátum sem valin hafa verið. Leiðbeiningar geta verið mismunandi eftir landsvæðum.

Markmiðið er að hækka endurvinnsluhlutfall, þ.e að hækka hlutfall efna til endurvinnslu/endurnýtingu og minnka hlutfall efna til urðunar

Takk fyrir að flokka fyrir jörðina okkar!





Helstu auðlindir sem við sækjum, flokkum og endurvinnum



Bylgjupappi

Sækjum og flytjum í endurvinnslu

Timbur

Sækjum, flokkum, endurvinnum -> kurl

Plastefni

Sækjum, flokkum og flytjum í endurvinnslu

Lífrænt

Sækjum og endurvinnum -> Molta

Pappír

Sækjum, flokkum og flytjum í endurvinnslu

Hjólbarðar

Sækjum og flytjum í endurvinnslu

Málmar

Sækjum og flytjum í endurvinnslu

Raftæki

Sækjum, flokkum og flytjum í endurvinnslu

Rafhlöður

Sækjum og flytjum í ábyrga eyðingu

Spilliefni

Sækjum og flytjum í ábyrga eyðingu

Trúnaðargögn

Sækjum, eyðum og flytjum í endurvinnslu

Garðúrgangur

Sækjum, endurvinnum -> Molta

Almennt sorp

Sækjum, flokkum og sendum í urðun/brennslu

Flokkunarleiðbeiningar

- Bylgjupappi
- Fernur
- Dagblöð og tímarit
- Bækur
- Blandaðar umbúðir úr pappa
- Plastumbúðir
- Lífplast
- Glær / lituð plastfilma
- Málmar
- Lífrænn úrgangur
- Spilliefni
- Raftæki, rafhlöður og prenthylki
- Skilagjaldskyldar umbúðir
- Trúnaðargögn
- Línsöfnun
- Almennt sorp

Framkvæmdir og byggingarúrgangur

- Gróft plast
- Timbur
- Gífs
- Jarðvegur / múrbrot
- Jarðvegur til flokkunar
- Garðúrgangur
- Steinefni
- Brotamálmar

Bylgjupappi

Þeir flokkar sem mega fara með bylgjupappa

- Millispiöld af vörubrettum
- Pizza kassar
- Pappakassar

Til athugunar við flokkun

- Til að efni nýtist sem best sem endurvinnsluefni er mikilvægt að fjarlægja matarleifar og aðskotahluti frá bylgjupappanum en límbönd og hefti mega fara með.

Úr endurunnum bylgjupappa má búa til nýjan bylgjupappa, þess vegna er mikilvægt að halda honum aðskildum frá öðrum pappa



Prentvænar flokkunarleiðbeiningar

Fernur



Þeir flokkar sem mega fara í sérsöfnun á fernum

- Allar fernur sem notaðar eru sem umbúðir

Til athugunar við flokkun

- Til að efni nýtist sem best sem endurvinnsluefni er nauðsynlegt að hafa í huga að fernur séu vel skolaðar
- Allt efni á að fara laust í tunnuna ekki í lokuðum pokum

Dagblöð og tímarit

Þeir flokkar sem mega fara í sérsöfnun á blöðum og tímaritum

- Dagblöð
- Umslög og gluggaumslög
- Skrifstofupappír
- Bæklingar

Til athugunar við flokkun

- Efnið skal vera laust við stærri aðskotahluti þó að litlir hlutir eins og hefti mega vera á blöðunum



Blandaðar umbúðir úr pappa



**Þeir flokkar sem mega fara í
sérsöfnun á blönduðum pappa**

- Gjafapappír
- Pappapokar
- Eggjabakkar
- Sléttur pappi s.s. morgunkornspakkar

Til athugunar við flokkun


- Til að efni nýtist sem best sem endurvinnsluefni er nauðsynlegt að hafa í huga að fernur séu vel skolaðar
- Allt efni á að fara laust í tunnuna ekki í lokuðum pokum

Bækur

Ef bækurnar eru heilar þá ætti alltaf að vera fyrsti valkostur að koma þeim á nytjamarkað

Innbundnar bækur með saumuðum kili eru erfiðar í venjulegri pappírs-endurvinnslu.

- Ef kjölurinn er límdu saman má bókin fara í endurvinnslu.
- Eins er hægt að rífa kjölinn af og setja blaðsíður í endurvinnslu- eða pappírstunnu.
- Annars fara innbundnar bækur í almennt sorp.



Plastumbúðir

Þeir flokkar sem mega fara með plastumbúðum

- Plastpokar
- Plastbrúsar
- Plastdósir
- Plastumbúðir
- Plastbakkar
- Plastflöskur
- Frauðplast umbúðir

Til athugunar við flokkun

- Til að efni nýtist sem best sem endurvinnsluefni er mikilvægt að skola allar matarleifar af plastumbúðum.
- Allt efni á að fara laust í tunnuna ekki í lokuðum pokum

Prentvænar flokkunarleiðbeiningar



Lífplast

Lífniðurbjótanlegt plast

- Lífbrjótanlegt lífplast sem brotnar niður í hefðbundnu jarðgerðarferli flokkast með öðrum lífrænum úrgangi.
- **Lífbrjótanlegt plast er merkt PLA.** Neytandinn áttar sig helst á því að ekki er um hefðbundið plast að ræða þegar hann skolar glasið í heitu vatni. PLA þolir ekki háan hita og glasið breytir um lögun við um 60°C.
- PLA lífbrjótanlegt plast má flokkast með lífrænum úrgangi

Annað lífplast (ekki endilega lífbrjótanlegt)

- Allt annað sem lítur út eins og plast á að flokka með **öðru plasti**. Ef þú ert hins vegar í vafa hvort að plastið brotni niður, **ekki setja það í lífrænt heldur með öðru plasti**, látum náttúruna njóta vafans.

Glær / lituð plastfilma

- Glærri plastfilmu skal safnað í sérstaka troðslupoka sem gott er að geyma á grind. Athugið að eingöngu glær plastfilma skal fara með í þessa poka.

Prentvænar flokkunarleiðbeiningar

- Litaðri plastfilmu skal safnað í sérstaka troðslupoka sem gott er að geyma á grind. Athugið að eingöngu lituð plastfilma skal fara með í þessa poka.

Prentvænar flokkunarleiðbeiningar



Málmar



Þeir flokkar sem mega fara með málmum

- Umbúðir með málmum
- Sprittkertabikarar
- Málmlok af krukkum
- Smærri hlutir úr málm

Þar sem mikið fellur til af stærri málm þarf að flokka það sérstaklega í þar til gerð ílát.

Lífrænn úrgangur



Þeir flokkar sem mega fara með lífrænum úrgangi

- Ávextir og ávaxtahýði (miða þarf að fjarlægja)
- Grænmeti og grænmetishýði
- Egg og eggjaskurn
- Tepokar (ekki úr plasti)
- Tannstönglar úr tré
- Kaffikorgur

Til athugunar við flokkun

- Lífræna efnið er notað í jarðgerð og því er nauðsynlegt að nota sérstaka niðurbrotanlega poka. Þessir pokar fást hjá okkur og eru úr pappa og lífrænni sterkju.
- **Plastpoka má alls ekki nota en plastmengaður úrgangur mengar moltuna okkar!!!**
- **Eingöngu skal nota lífniðurbrotanlega poka!**

Prentvænar flokkunarleiðbeiningar

Moltugerð Terra

Lífrænn úrgangur verður að jarðvegsbæti sem meðal annars nýtist í Landgræðsluverkefni.

Vottað ferli:

- Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti
- Fellur undir umhverfisvottun BSI
- Mat Umhverfisstofnunar um að sá úrgangur sem endurnýttur er í jarðgerð fyrirtækisins telst ekki lengur úrgangur
- Starfsleyfi frá MAST



Spilliefni



- Flúorperur
- Ljósabúnaður, startarar (conductor)
- Olíumálning
- Asbest úr eldri húsum
- Matarolía

Asbest og vörur sem innihalda asbest voru notaðar sem eldvarnarefni, hitaeinangrun, hljóðeinangrun og fleira í mörgum byggingum sem voru byggðar fyrir 1980. Asbesti má aldrei blanda saman við aðra úrgangsflokka.

Hafið samband við viðskiptastjóra til að fá sérstakt ílát undir rafbúnað.

Raftæki, rafhlöður og prenthylki

Terra Efnaeyðing býður upp á örugga förgun og endurvinnslu spilliefna, raftækja og endurvinnsluefna sem til falla á skrifstofum. Við útvegum ílát og sækjum!

Í raftækjatunnuna má m.a. setja

- Rafhlöður
- Lítil raftæki
- Prenthylki
- Málma

Hafið samband við viðskiptastjóra til að fá sérstaka raftækjatunnu



Skilagjaldskyldar umbúðir



- **Dæmi um skilagjaldskyldar umbúðir**

- Glerflöskur fyrir áfengi
- Glerflöskur fyrir bjór
- Glerflöskur fyrir ávaxtasafa
- Glerflöskur fyrir gosdrykki
- Glerflöskur fyrir orkudrykki
- Plastflöskur fyrir ávaxtasafa
- Plastflöskur fyrir gosdrykki
- Plastflöskur fyrir orkudrykki
- Plastflöskur fyrir vatn
- Plastflöskur fyrir áfengi
- Áldósir fyrir gosdrykki
- Áldósir fyrir orkudrykki
- Áldósir fyrir bjór

Hafið samband við viðskiptastjóra til að fá sérstakt ílát undir skilagjaldskyldar umbúðir.

Trúnaðargögn

Terra Efnaeyðing býður upp á sérhæfða, ábyrga og umhverfisvæna þjónustu við eyðingu á trúnaðarupplýsingum, hvort sem þær er að finna á pappír, filmum eða hörðum miðlum (diskum). Filmur og diskar eru tættir fyrir förgun. Trúnaðarskjöl eru einnig tætt en pappír fer síðan í endurvinnslu.

Dæmi um trúnaðargögn

- Viðkvæmar upplýsingar á pappír
- Viðkvæmar upplýsingar á diskum
- Bókhalmsgögn

Kynningarmyndband um þjónustuna

Hafið samband við viðskiptastjóra til að fá sérstakt læst ílát undir trúnaðargögn.



Línsöfnun



Leiðbeiningar um flokkun á líni í samstarfi við Rauða krossinn

Dæmi um textíl úrgang

- fatnaður
- lín
- lök
- dúkar
- tuskur
- sloppar
- handklæði

Hafið samband við viðskiptastjóra til að fá sérstakt ílát undir textíl.

Almennt sorp

- sá úrgangur sem ekki er hægt að flokka fer í blandaðan úrgang eða almennt sorp.
- blandað sorp endar í **urðun eða brennslu**.

Dæmi um slíkan úrgang:

- pappírs handþurrkur af salernum
- einnota hanskar
- pappírspurrkur
- óhreinar umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa
- samsettar umbúðir sem ekki er hægt að aðskilja
- tyggjó



Byggingarúrgangur

Næstu flokkar miðast við
framkvæmdir þar sem gert er ráð
fyrir sérsöfnun í gáma.



Gróft plast

Umbúðaplast ber úrvinnslugjald og því þarf að halda því aðskildu frá öðru grófu plasti. Grófu plasti er einnig komið til endurvinnslu eftir fremsta megni.

Dæmi um úrgang úr plasti án úrvinnslugjalds

- vatns- og frárennslisrör
- ídráttarbarkar og rör
- rimlagluggatjöld úr plasti
- plastfestingar og listar
- frauðplast
- plastbakkar
- plathjálmar
- plexi gler
- rafmagnsrennur úr plasti



Hreint timbur



Timbur er eitt af þeim efnum sem mikið fellur til af á byggingarsvæðum. Mikilvægt er að aðgreina í upphafi hvort timbrið sé litað eða ólitað en endurvinnsluferlið er mismunandi eftir því hvort á við. Ólitað timbur er kurlað niður og verður að timburkurli sem selt er til frekari nota til að mynda við gerð göngustíga og víðar.

Dæmi um hreinan timburúrgang

Vörubretti
Fúgavarið timbur sem er ekki með þekjandi fúgavörn
Timbur með glæru lakki
Ómálað timbur úr framkvæmdum
Timbur sem er ekki plasthúðað
Mótakrossviður
Mótatimbur
Tjörusoðinn krossviður
Tjörusoðið timbur
Dokaborð
Gagnvarinn viður
Gegnheilt parket
Húsgögn úr hreinu timbri
Kapalkefli
Krossviður Límtré
MDF
Masónít
Pallaefni
Spónaplötur Timburlurkar
Trétex
Viðarparket

Litað timbur

Timbur er eitt af þeim efnum sem mikið fellur til af á byggingarsvæðum. Mikilvægt er að aðgreina í upphafi hvort timbrið sé litað eða ólitað en endurvinnsluferlið er mismunandi eftir því hvort á við. Litað timbur má því miður ekki endurnýta á sama hátt og er það því urðað

Dæmi um litaðan timburúrgang:

Málað timbur

Timbur með þekjandi viðarvörn

Parket úr lökkuðu eða lituðu timbri

Plasthúðað timbur

Hdf og mdf

Masónít

Trétex

Harmonikkuhurðir Innréttingar út lituðu eða lökkuðu timbri án festinga

kerfisloft úr lituðu timbri

Sökkullistar úr lituðu timbri

Límtré og plasthúðaðir sólbekkir

Annað litað timbur



Gifs

Úrgangur sem fellur til úr gifsi þarf að halda aðskildum frá öðrum úrgangi. Gifs má ekki flokka með öðrum lífrænum úrgangi vegna efnasambanda (H_2S) sem losna frá því við slíkar aðstæður. Gifs er urðað.

Dæmi um úrgang úr gifsi

- gifs/gifsplötur
- gifsloft/ kerfisloft úr gifsi



Jarðvegur



- mold
- möl (grús)
- uppgröftur með þökum í mjög takmörkuðu magni

Alls ekki tré, rótarkerfi eða annar lífrænn úrgangur

Múrbrot



- steypuklumpar án útistandandi járns
- hellur
- postulín
- keramik
- flísar

Garðúrgangur

- mold
- trjágreinar
- gras
- illgresi
- arfi
- blómaafskurður

Athugið að farmar mega ekki innihalda annað efni.

Alls ekki plastpokar!



Steinefni



Langstærsti hluti byggingarúrgangs er óvirkur úrgangur á borð við steypu, flísar, gler og önnur steinefni. Til að minnka magn í þessum flokki er til dæmis hægt að endurnýta meira af honum á verkstað í fyllingar. Mikilvægt er að halda steinefnum flokkuðum frá öðrum úrgangi sem fellur til á byggingarsvæðum.

Dæmi um steinefnaúrgang

- gler í glerveggjum
- flísar með eða án flísalíms
- speglar
- salerni
- vaskar

Jarðvegur

Jarðvegur er jarðleg eða setlag úr steindum og lífrænum efni og er eitt mest notaða byggingarefnið í heiminum í dag. Fyrir utan það að vera notað gríðarlega mikið til grundunar mannvirkja, er það einnig mikið notað í steypu.

Dæmi um jarðefnisúrgang

- mold
- gras
- þökur
- torf
- jarðvegur með lífrænum efnum



Brotamálmar

Mjög víða er að finna ýmsa málmhluti sem hafa lokið hlutverki sínu og nýtast best sem endurunninn málmur í nýja hluti. Til þess að svo megi verða þarf að koma þeim í endurvinnslu.

Dæmi um úrgang úr brotamálmi

- álrímlaloft ásamt festingum
- kerfisveggir úr málmum
- rimlagluggatjöld úr áli
- lamir, skrár, húnar og annar málmur
- álleiðarar
- burðarstoðir úr málmi
- festingar úr málmi
- málmfestingar
- stálhandrið ásamt festingum
- rafmagnsrennur úr málmi



Hvað svo?

- **Allur bylgjupappi, pappír og málmar sem við söfnum fer í endurvinnslu. Pappi, pappír og plast er sent úr landi til endurvinnslu. Málmar fara til endurvinnslufyrirtækja hér á landi.**
- Við sendum plastfilmuna til Hollands þar sem frekari flokkun fer fram og síðan endurvinnsla aftur í plastefni. Það eru síðan margir flokkar af öðru umbúðaplasi, t.d. plastpokum, smærri plastfilmu, plastbökkum, samsettri plastfilmu (t.d. áleggsbréf), skyrdósum, stórum og litlum plastflöskum og brúsum, sem við tökum saman í einn flokk. Þetta plast er núna sent til Þýskalands og Svíþjóðar þar sem það fer í nánari flokkun. Meirihluti af plastinu er endurunnið, en hluti þess er ekki nothæft til endurvinnslu, t.d. vegna óhreininda eða samsetningu umbúða.
- Það plast sem ekki er hæft til endurvinnslu, fer til orkuvinnslu. Þannig nýtist efnið til að búa til hita í stað annarra orkugjafa.
- Stefna Terra er að endurvinnsluhlutfall á plasti sem sem hæst og þá skiptir máli að flokkun plasticsins á upprunastað sé góð. Sumt af því plasti sem við söfnum fer til frekari flokkunar erlendis og þá er stefna Terra að ná yfir 65% endurvinnsluhlutfalli. Rest fer þá til orkuvinnslu. Það sem þegar hefur verið flokkað hér á landi, og unnt er að senda erlendis sem gott flokkað efni, getur náð upp undir 100% endurvinnsluhlutfalli“.

Algengar spurningar

Hver er munurinn á endurvinnslu og endurnýtingu?

Þurfa umbúðir að vera hreinar?

Hvernig flokkast lífplast?

Mega pappírspurrkur fara með pappa?

Hvernig flokkast einnota hanskar og grímur?



Hver er munurinn á endurvinnslu og endurnýtingu?

Endurnýting

Að nýta aftur vörur sem annars hefði verið hent eða komið í endurvinnsluferli

Endurvinnsla

Endurvinnsla er ferlið að taka efni sem stendur ekki til að nota lengur og breyta í annað efni. Aðeins tilteknaðar vörur, þ.m.t pappír, plast, gler og málmur, er hægt að endurvinna og endurvinnsluferlið er mismunandi fyrir hvert efni

Purfa umbúðir að vera hreinar?

Okkar helsta áhersla er að koma endurvinnslu efnum í efnisendurvinnslu! Þá nýtist efnið til þess að framleiða nýjar vörur úr plasti

Stór hluti af endurvinnslu efnum sem við söfnum kemst í þann farveg!

Til þess að það sé mögulegt er mjög mikilvægt að efnið sé ávallt eins hreint og völ er á



Hvernig flokkast pappapurrrkur?

Handpurrrkur úr pappa sem notaðar eru í eldhúsi sem notaðar eru til að þrifa mat mega fara með lífrænum úrgangi í jarðgerðina. Aðrar handpurrrkur úr pappír fara í almennt sorp.

Ekki er hægt að endurvinna handpurrrkur úr pappír á sama hátt og annar pappi.

Hvernig flokkast einnota hanskar og grímur?

Einnota hanskar og grímur flokkast alltaf sem almennt sorp sem og annar sóttvarnarúrgangur!

Flokkunarílát

- Til að stuðla að sérsöfnun ákveðinna endurvinnsluefna er mikilvægt að hver efnisflokkur eigi sitt ílát.
- Þetta á bæði við innanhúss en ekki síður utanhúss.

Í vefverslun Terra má finna allar okkar flokkunarvörur.



Mikilvægi merkinga flokkunaríláta

- Til þess að allir fylgi sömu leikreglum þegar kemur að flokkun er mikilvægt að merkja öll flokkunarílát með viðeigandi merkingu á því tungumáli sem henta hverju sinni.
- Við erum búin að taka saman myndrænar flokkunarmerkingar fyrir okkar algengustu flokka.

Smellu hér til að sjá myndrænar prentvænar leiðbeiningar

Tryggjum góðan frágang

- Við vitum að það gengur á ýmsu í íslensku veðurfari og því er mikilvægt að huga vel að frágangi á ílátum utandyra til að koma í veg fyrir fok á endurvinnsluefnum.
- Við erum með teygjufestingar á tunnulok og einnig veggfestingar.

Sjá alla aukahluti í vefverslun Terra



Við deilum þekkingu

Áratuga reynsla og fróðleikur

Heimsóknir til fyrirtækja og sveitafélaga
með flokkunarnámskeið

Mörg hundruð heimsóknir til viðskiptavina


Fyrirlestrar hjá samtökum viðskipta- og
þjónustu, vörustjórnunarfélagi Íslands og
fl.



Mínar síður

Á mínum síðum er hægt að fá yfirlit yfir:

- Reikninga
- Aðgerðir
- Endurvinnsluhlutfall og losunarþyngd hvers úrfangsflokks
- Endurbætur 2020: sjónrænni framsetning og möguleiki á markmiðasetningu fyrirtækja, samanburður við önnur fyrirtæki



Vinnum saman, deilum þekkingu

og skiljum ekkert eftir!

